

Sp. 535. Tillaga til þingsályktunar [267. mál]
um menntun fangavarda.

Flm.: Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason,
Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar menntun fangavarda, leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi.

Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum fulltrúa dómsmálaráðuneytis, einum frá menntamálaráðuneyti, tveimur fulltrúum fangavarda eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður.

Formaður nefndarinnar skal skipaður af dómsmálaráðherra án tilnefningar. Nefndin skal skila áliti sínu og tillögum eigi síðar en í árslok 1981.

G r e i n a r g e r ð .

Fyrir nokkru var haldin hin merkasta ráðstefna á vegum Geðhjálpar og Verndar um vandamál geðsjúkra afbrotamanna.

Á ráðstefnunni komu fram margar upplýsingar sem komu vissulega á óvart, m. a. um menntun fangavarda á Íslandi, sem er í slíku lágmarki að engan veginn verður við unað.

Af mörgu fleira mætti taka, sem þarna kom fram í hinum einstöku málaflokkum, en flm. þessarar tillögu hafa einskorðað sig við þennan tiltekna þátt, þ. e. um nefndarskipun til að fjalla um úrbætur í menntunarmálum fangavarda.

Flm. styðjast í þessari greinargerð við eftirfarandi upplýsingar frá Fangavarda-félagi Íslands, og hugmyndirnar í tillögunni um val nefndarmanna eru einnig settar fram í samráði við stjórn þess félags.

Ljóst er að menntunarmál fangavarda á Íslandi eru í algjöru lágmarki. Í rauninni liggur öll menntun hjá fangavörðum í Reykjavík í vikunámskeiði, sem haldið var árið 1975.

Á s. l. ári fengu fangaverðir á Litla-Hrauni námskeið samtals 28 klst., fangaverðir í Reykjavík samtals 8 klst., fangaverðir á Kviabryggju ekkert.

Lögregluþjórnar, svo dæmi séu nefnd, sækja í byrjun starfs 4—6 vikna námskeið og eftir eins árs starf Lögregluskóla ríkisins í 14—18 vikur, skv. reglugerð nr. 254 1965.

Á Norðurlöndunum eru menntunarmál fangavarda töluvert umfangsmeiri og sem dæmi má nefna Noreg. Þar er tveggja ára skóli, þar sem m. a. er lögð áhersla á sál-arfræði og réttarfarsfræði. Um umsækjendur til Fangelsisskólans er fjallað í um-sækjendanefnd, en í henni eru 3 menn (skólastjórinn, fangelsisstjóri og fulltrúi starfsmanna). Fangelsisskólinn hefur tekið á móti 45—50 nemendum á ári, en það er um fjórðungur umsækjenda.

Auk grunnmenntunar má bæta við að 1979 hefur Fangelsisskólinn í Noregi skipulagt eftirfarandi sérnámskeið: Tvö eiturlyfjanámskeið, námskeið í sjálfsvörn og meðferð fanga í átökum, námskeið um menningarstarfsemi, námskeið fyrir stjórn-endur og gjaldkera fangelsa, námskeið fyrir stjórnendur minni stofnana, námskeið um afbrotamál, um kennslu og nám í fangelsum, um heilsugæslu í fangelsum, fyrir stjórnendur og verkstjóra í fangelsum, menningarráðstefnu og meiraprófsbifreiða-stjóranámskeið.

Auk þess taka Norðmenn þátt í sameiginlegri norrænni ráðstefnu fyrir yfirmenn í fangelsum og í gagnkvæmum starfsmannaskiptum milli Norðurlanda. Árlega taka 2 starfsmenn frá hverju landi þátt í þessum skiptum og dvelja þeir í 30 daga.

Námskeiðin og ráðstefnurnar eru 2—7 daga löng.

Laun og menntun fyrir byrjendur í lögreglu og fangavörslu í Noregi eru hin sömu, en lögregluþjórn fær hærri uppbót eftir 9 ára starf.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega nauðsyn þess að fangaverðir séu vel menntaðir. Aukin menntun fangavarda ætti að draga úr fjölda síbrotafanga og þannig ætti sá kostnaður, sem aukin menntun fangavarda hefði í för með sér, að skila sér aftur.

Fyrir málinu í heild verður gerð nánari grein í framsögu.